

Tillögur stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna til breytinga á samþykktum sjóðsins

Lagðar fram á ársfundi þann 26. mars 2014

Tillögurnar skiptast í 5 liði. Tillögur 1 - 4 eru vegna Hlutfallsdeildar, en 5 vegna Aldursdeildar.

Fyrsta tillaga

Breyting á 9. gr. Iðgjöld til sjóðsins.

Breyting á 9.1

- 9.1 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til **80%** eftirlaunahlutfalli er náð.

Önnur tillaga

Breyting á 11. gr. Hlutfall eftirlauna.

Breyting á gr. 11.2

- 11.2 Eftirlaunin skulu nema **2%** fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til **80%** eftirlaunahlutfalli er náð.

Þriðja tillaga

Breyting á 13. gr. Makalífeyrir.

Breyting á gr. 13.2

- 13.2 Fjárhæð lífeyris til makans fer eftir starfstíma hins látna og nemur **10/17 af áunnum ellilífeyrisréttindum sjóðfélaga**. Lífeyririnn miðast við laun þau er hinn látni hafði með sama hætti og lýst er í 1. mgr. 11. gr. og tekur breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Fjórdá tillaga

Breyting á 12. gr. Örorkulífeyrir.

Ný grein 12.10 verður

- 12.10 Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Fimmta tillaga

Breyting á 11. gr. Örorkulífeyrir.

Ný grein 21.16 verður

- 21.16 Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.